

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998 - 2010 vegna aðalskipulags Austur-Héraðs 2002 - 2017.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 10. júlí 2002 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis frá 31. ágúst 2001.

Breytingin felst í eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir frístundabyggðarsvæði að Kóreksstöðum, í Finnastaðaseli, á Strönd og í Beinárgerði.

Gert er ráð fyrir blandaðri landnotkun frístundabyggðar og opins svæðis til sérstakra nota að Snjóholti og í Miðhúsaskógi.

Frístundabyggðarsvæði í Prestaskershöfða er skilgreint sem blanda af frístunda- byggðarsvæði og opnu svæði til sérstakra nota.

Gert er ráð fyrir íbúðarsvæði að Eyvindará og við Randaberg.

Fallið er frá flutningi Borgarfjarðarvegur nr. 94 um Eiða austur fyrir byggðina.

Hringvegur í Skriðdal er færður til norðurs á milli Hallbjarnarstaða og Litla-Sandfells.

Mörk þéttbýlis á Eiðum, Egilsstöðum og Hallormsstað eru færð til samræmis við aðal- skipulag Austur-Héraðs 2002-2017.

Fallið er frá skilgreiningu á svæði þar sem gert var ráð fyrir möguleika á stofnvegi norðan við Egilsstaði, frá Seyðisfjarðarvegi yfir Eyvindará undir Melshorni að hring- vegi, sem „skipulagi frestað“.

Fallið er frá skilgreiningu á svæði þar sem gert var ráð fyrir möguleika á færslu hringvegur suður fyrir flugvöll ef hann yrði lengdur, sem „skipulagi frestað“.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Austur-Héraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfest- ingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 10. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.